



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands varðandi viðveru sálfræðinga í skólum borgarinnar

Á fundi borgarráðs þann 21. júní 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn sem vísað var til meðferðar velferðarsviðs:

*Í hvaða grunnskólum Reykjavíkurborgar eru sálfræðingar með fasta viðveru?
Á hvaða tímum eru þeir í skólum borgarinnar?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar velferðarsviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 25. júní 2021.

Svar:

Stöðugildi skólasálfræðinga á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar sem þjónusta 80 leikskóla og 44 grunnskóla eru 25,8. Meðtaldir eru einkareknir leik- og grunnskólar.

Sálfræðingar þjónustumiðstöðva, fyrir utan sálfræðinga í Þjónustumiðstöð Breiðholts, eru ekki með fasta viðveru eftir ákveðnum dögum í grunnskólum. Í Breiðholtsskóla, Fellaskóla og Hólabrekkuskóla er föst viðvera einn dag í viku frá kl. 8-16. Í Seljaskóla er viðvera fyrir hádegi (aðstöðuleysi kemur í veg fyrir að hægt sé að hafa viðveru allan daginn) einn dag í viku og í Ölduselsskóla er viðvera á milli kl. 9 og 15 einn dag í viku. Samkvæmt upplýsingum deildarstjóra skóla- og barnaþjónustu í Breiðholti er löng hefð fyrir fastri viðveru sálfræðinga, félagsráðgjafa og kennsluráðgjafa í skólunum. Það sem hefur gert þetta mögulegt er að skólarnir í Breiðholti hafa skapað starfsmönnum þjónustumiðstöðvarinnar góða aðstöðu innan skólanna sem er grundvallarforsenda fyrir fastri viðveru.

Allir sálfræðingar þjónustumiðstöðva sem sinna grunnskólum sitja að jafnaði fundi nemendaverndarráða grunnskólanna sem eru á bilinu 1-4 sinnum í mánuði. Meirihluti beiðna og erinda sem berast skólaþjónustunni t.d. viðtöl við börn og foreldra eru tekin á vettvangi barna í skólanum. Sálfræðingar sitja fasta fundi í tengslum við einstaklingsmál og eftirfylgd þeirra og viðtöl við börn og fjölskyldur eru í auknum mæli tekin í skólanum. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að setja upp fasta viðveru í skólunum þá hafa sálfræðingar verið sýnilegri starfsfólki. Allir skólar hafa jafnframt sína tengiliði við þjónustumiðstöðvar.

Nokkur munur er á fjölda grunnskóla í hverfum borgarinnar sem og fjölda stöðugilda sem sinna þjónustunni. Eins er mismunandi hvaða aðstöðu skólarnir geta boðið starfsmönnum þjónustumiðstöðva sem hefur í einhverjum tilfellum haft áhrif á að hægt sé að setja upp fasta viðveru á ákveðnum dögum.

Í tengslum við aukið samstarf velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs við innleiðingu á nýjum farsældarlögum og verkefninu „Betri borg fyrir börn“ verður fjöldi stöðugilda endurkoðaður fyrir borgina í heild og unnið að því að skapa sálfræðingum betri aðstöðu í skólunum.

Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri